



Borgarráð

Úthlutun úr minningarsjóði Gunnars Thoroddsen

Þann 12. janúar 2023 var úthlutað úr Minningarsjóði Gunnars Thoroddsen í 36. sinn og var það Múlabær, dagþjálfun aldraðra og öryrkja, sem hlaut styrk upp á 750 þúsund krónur.

Greinargerð:

Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen (f.29.12.1910, d. 1983) var stofnaður af hjónunum Bentu og Valgarð Briem þann 29. desember 1985 þegar liðin voru 75 ár frá fæðingu Gunnars. Sjóðurinn er í vörslu borgarstjórans í Reykjavík, sem ákveður úthlutun úr honum að höfðu samráði við börn Gunnars Thoroddsen. Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til einstaklinga, hópa, stofnana eða félaga, eða veita verðlaun eða lán í sambandi við rannsóknir, tilraunir eða skylda starfsemi á sviði mannúðarmála, heilbrigðismála eða menningarmála, sem Gunnar Thoroddsen lét sérstaklega til sín taka sem borgarfulltrúi og borgarstjóri. Alls hafa 37 einstaklingar, hópar eða félagasamtök fengið styrki úr sjóðnum frá upphafi hans. Þann 27. september 2017 var samþykkt í borgarráði að efla sjóðinn með það að markmiði að sjóðurinn standi undir áframhaldandi úthlutunum í samræmi við stofnskrá hans. Þann 12. janúar sl. var úthlutað úr sjóðnum í 36. sinn og var það Múlabær, dagþjálfun aldraðra og öryrkja, sem hlaut styrk upp á 750 þúsund krónur.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri